

Náttúruleg  
Innihaldsefni

Því dýrin þín eiga það skilið



Dýrabær

Smáralind | Kringlan | Krossmói | Akranes | Spöng | Dyrabaer.is



Ódýri ísinn



# Grafarvogsbliðið

11. tbl. 34. árg. 2023 nóvember

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



500  
strákar á  
handboltamóti

Fjölmennt fjöllidamót í 7. flokki karla í handknattleik fór fram í Grafarvogi á dögnum. Um 500 strákar mættu á fjöllidamótið, Extra-mótið, á dögnum og sýndu frábæra takta! Fjölnir þakkar öllum þjálfurum, foreldrum, sjálfboðaliðum og öllum öðrum fyrir komuna á Extra-mót Fjölnis 2023. Mikil gleði og stemning ríkti í leikjunum og framtíðin er björt í handboltanum! Á myndinni eru ungir framtíðar handboltamenn í Fjölni.

Graenir  
skátar

## Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.  
Við tökum vel á móti þér.  
Graenir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.  
Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr.  
fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:  
Vikur dagar kl. 9-18  
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

FASTEIGNA  
MIÐLUN  
GRAFARVOGS

FASTEIGNA-  
SALAN  
Í ÞÍNU HVERFI

Spöngin 11  
112 Reykjavík  
Sími 575 8585

[www.fmg.is](http://www.fmg.is)



Bifreiðaverkstæði  
Grafarvogs

Allar almennar  
bílavíðgerðir

Gylfaflöt 24 - 30 • 112 Reykjavík  
Sími 577 4477

[www.bilavidgerdir.is](http://www.bilavidgerdir.is)

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET



Spönginni 13  
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.890 kr kg







KEILA KARAOKE PÍLA PIZZA SPORTBAR SHAKE AFMÆLI HÓPEFLI

BINGÓ

16. NÓVEMBER KL. 21

PARTYBINGÓ  
MEÐ EVU &  
HJALMARI



GIGG

17. NÓVEMBER KL. 22

ĠUNNI  
OLA



BÓKAKYNNING

18. NÓVEMBER KL. 12

ÞORVALDUR HÆ HÆ MEÐ  
DAVIÐ KYNNIR HELGA OG  
BOKINA SINA HJALMARI

PÖBB QUIZ

23. NÓVEMBER KL. 21

GIGG

24. NÓVEMBER KL. 22

ĤREIMUR  
ORN

PÖBB QUIZ

30. NÓVEMBER KL. 21

DR. FOOTBALL

DJAMM

KL. 22

DJ.AMM

ÞÚ GETUR BÓKAÐ Á KEILUHOLLIN.IS  
OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin  
EGILSHÖLL



## JÓLATÓNLEIKAR KÓRS GRAFARVOGSKIRKJU DIDDÚ OG ARI ÓLAFSSON



Kór Grafarvogskirkju,  
Vox Populi, Barna- og unglíngakór  
Grafarvogs í Grafarvogskirkju  
og hljómsveit.


Stjórnendur Hákon Leifsson,  
Lára Bryndís Eggertsdóttir og Auður Guðjohnsen.

Laugardaginn 16. desember kl. 17:00  
í Grafarvogskirkju.  
Miðaverð: 4.000 krónur

## Þessar verður þú að lesa!

### Marcus Rashford

Frábær bók um knattspyrnumann sem skorar mörk og lætur líka gott af sér leiða á ýmsa vegu.




### Björn Pálsson

Magnaðar frásagnir af fyrsta sjúkraflugmanninum á Íslandi.



### Völvur á Íslandi

Á Íslandi eru til heimildir um á um sjöunda tug völvuleiða. Sumum þeirra fylgja hreint magnaðar sögur



## Bókaútgáfan Hólar

holabok.is / holar@holabok.is

## Fréttir

GV

# Stöndum þétt að baki Grindvíkingum

## - eftir Björn Gíslason borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Á þessum erfiðu óvissutímum fyrir íbúa Grindavíkur sést hversu mikilvægur þáttur samtakamáttur og samstæða samfélaga er í almannavörum.

Ekki er annað hægt en að fyllast stolti þegar maður verður vitni að því hvernig allt samfélagið hérlandis bregst við þeirri erfiðu vá sem nú stöðjar að Grindvíkingum. Nægði í því sambandi að opna Facebook, föstudaginn 10. nóvember, til að sjá að þeir sem aflögu færir voru eða í færnum til, buðu óhikað fram aðstoð til íbúa svæðisins.

### Fjölmíðlar og almannavarnir fá hæstu einkunn

Almannavarnarkerfum okkar er ætlað að tryggja að fólk fái nauðsynlegar upplýsingar á skýran og einfaldan hátt, enda er það svo að með réttum upplýsingum og samhæfðu viðbragði geta almannavarnir tekið ákvarðanir í óvissuástandum með það fyrir augum að tryggja enn frekara öryggi íbúa og annarra, s.s. ferðamanna. Þegar að þessum þætti kemur fá íslenskir fjölmíðlar og almannavarnir hæstu einkunn.

### Gangverk almannavarna eins og vel smurð vél

Viðbrögðin í þessum aðstæðum sýndu

hvernig almannavarnarkerfin okkar eru vel undirbúin til að takast á við allar aðstæður, væntar sem óvæntar. Þá sýndu kerfin okkur það enn fremur hvernig viðbragðsaðilar, s.s. lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og vísindamenn vinna fúmlaust saman að samhæfðu viðbragði þegar á reynir. Enda nauðsynlegt að viðbrögð almannavarna gangi eins og vel smurð vél til að tryggja öryggi og velferð heilu samfélaganna.

Reynsla, sem af nýliðnum atburðum hlýst, sýnir fyrst og fremst, hversu vel Íslendingar eru undirbúin til að takast á

við hættur sem tengjast náttúruvá. Við getum treyst kerfinu sem almannavarnir hafa þróað, en það er á heimsmælikvarða.

### Mikið til í orðatiltækinu: „Við erum öll almannavarnir“

En umfram allt hafa vel flestir Íslendingar, enn og aftur, sýnt fram á hversu mikið er til í orðatiltækinu um að "við séum öll almannavarnir". Það sýndu þeir með því m.a. að bjóða ókunnugum Grindvíkingum á flóttu frá heimilum sínum, upp á húsaskjól án endurgjalds, fatnað og aðra nauðsynjavörur svo fáein dæmi séu nefnd. Þetta er dæmi um samkennd þjóðarinnar sem gerir okkar smáþjóð raunar einstaka á heimsvísu.

Í framhaldinu þurfum við að standa þétt við bak Grindvíkinga áfram en þar megum við hvergi kvika, hvort sem við búum í Reykjavík eða annar staðar á landinu! Okkur ferst best með því að standa saman þegar vá ber að garði. Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks munum ekki láta okkar eftir liggja þegar kemur að aðstoð við íbúa Grindavíkur í gegnum borgarkerfið.

Að lóum vil ég senda Grindvíkingum baráttukveðjur í þeirri baráttu sem fram undan er!

Björn Gíslason, borgarfulltrúi  
Sjálfstæðisflokks.



Björn Gíslason.

# Stuðlum að stöðugu og góðu viðhaldi eldra húsnæðis

## - eftir Daníel Árnason framkvæmdastjóra Eignaumsjónar

Öll hús eiga skilið að fá gott viðhald, við eigum að virða eignina okkar og þau verðmæti sem felast í vel útlitandi og góðri fasteign. Gamalt hús á að geta þjónað eiganda sínum jafnvel og nýtt hús, ef rétt er að málum staðið.

Fyrir nokkrum árum stýrði ég húsfundi þar sem hústjórn fjölbýlishúss lagði fram tillögu um hófstílltar en nauðsynlegar endurbætur sem fólu í sér endurnýjun glugga og viðgerðir á ytra byrði hússins ásamt málnun. Tillagan þótti ganga of langt og var felld af meirihluta eigenda, líklega vegna fjárhagsstöðu einstakra eigenda. Sami fundur ákvað að mála einungis húsið þrátt fyrir augljósar skemmdir. Eftir fundinn kom einn eigenda, sem reyndar hafði lagst gegn endurbótatillögunni, til mín og sagðist ekki geta opnað baðgluggann! Hann spurði hvað væri til ráða og svar mitt var einfalt. Eigendur verða að horfast í augu við staðreyndir, rekstur fasteignar felst ekki einungis í hita, raforku og ræstingum heldur líka viðhaldi eignarinnar.

**Hvers virði er reglubundið viðhald?**  
Reglubundið viðhald skilar bæði verðmætari eign og auðseljanlegri, kostnaðargreiðslur eru fyrirséðar og á sama tíma er eignin í betra ástandi og öruggari.

Samkvæmt rannsóknum kostar gott viðhald fasteignar um 1% af byggingarkostnaði húss á ári, sem jafngildir því að það kostar árlega að jafnaði 500 þúsund krónur að viðhalda meðalstóri fasteign, eða um 40 þúsund á mánuði. Þá er einungis lítið til sameignar, þ.e. ytrabyrðis; þaks, veggja, glugga og útidryra, ásamt lögnum og sameiginlegar lóðar.

Við hjá Eignaumsjón erum að þjónusta um 800 hús- og rekstrarfélög með um 19.000 íbúðum/fasteignum og greining okkar leiðir í ljós að eigendur eru almennt ekki að leggja fyrir í langtíma viðhaldsjóð fasteigna sinna. Tölurnar sýna okkur að ekkert húsfélag er að safna í viðhaldsjóð sem nemur þessu 1% af byggingarkostnaði húss á ári. Algengt tillegg flestra er nær því að vera um 0,1-0,2%, eða á bilinu 5-10.000 krónur á mánuði. Algengast er að eigendur greiði viðhaldskostnað með skömmum fyrirvara, í aðdraganda framkvæmda og meðan á þeim stendur. Þær fjárhæðir geta numið allt að 5% af virði íbúðar þegar ke-

mur að uppsafnaðri viðhaldsþörf.

### Hverju þarf að breyta?

Mikil og þörf umræða er þessi misserin um húsnæðisþörf og málefni nýbygginga í landinu. Stjórnvöld eru krafín um úrræði og stefnu í þessum efnum en minna fer fyrir umræðu um viðhald húsa sem komin eru á viðhaldstíma. Það tjóir lítið að byggja nýtt ef eldra húsnæði ónýtt fyrir aldur fram.

Í kjölfar bankahrunsins var endurgreiðsla virðisaukaskatts hækkuð í 100% af vinnulið, ásamt tímabundinni lækkun skattstofns sem nam 50% af viðhaldskostnaði undir slagorðinu „Allir vinna“. Víst er

að aðgerðir miðuðu einnig að því að örva vinnuáhrifin á þeim tíma. Endurgreiðslan var síðar lækkuð í 60% en hækkuð aftur í 100% í Covid faraldrinum. Í júl í sumar var á ný dregið verulega úr nokkurra stuðningi, þegar virðisaukaskattendurgreiðsla af vinnu var lækkuð í 35%. Þarna fer lítið fyrir hvatningu stjórnvalda varðandi viðhald eldra húsnæðis.

Við hjá Eignaumsjón höfum lengi talað fyrir reglubundnu, fyrirbyggjandi viðhaldi fasteigna. Það er okkar sýn að húsfélög ætu að setja sér viðhaldsáætlanir til nokkurra ára, byggja á ástandsmati viðkomandi fasteigna og tillögum um forgangsgröðun verkefna eftir mikilvægi þeirra. Samhliða þarf að tryggja fjármögnun viðhaldsframkvæmda með skipulagðri söfnun í framkvæmdasjóð með tryggri og góðri ávöxtun með hagsmuni allra eigenda í fyrirrúmi.

**Aukinn stuðningur stjórnvalda**  
Samhliða bættum líffskilyrðum þjóðarinnar undanfarna áratugi er gott og öruggt íbúðarhúsnæði, gamalt eða nýtt, orðið lágmarkskrafa í samfélaginu. Ákall mitt til stjórnvalda og löggjafa er að horfa ekki einungis til nýbygginga þegar kemur að umræðu um húsnæðismál, heldur einnig að stuðla með ákveðnari hætti að góðu viðhaldi eldra húsnæðis með lagabótum og stjórnvaldsaðgerðum.

Daníel Árnason  
framkvæmdastjóri Eignaumsjónar



Daníel Árnason, framkvæmdastjóri  
Eignaumsjónar.

Ljósmynd: Þór Gíslason.



Viðhaldsþörf fjölbýlishúsa og undirbúningur viðhaldsverkefna var til umfjöllunar á vel heppnuðum haustfundi Eignaumsjónar með stjórnnum húsfélaga sem eru í þjónustu hjá Eignaumsjón. Um 90 gestir mættu á fundinn og um 40 þátttakendur fylgdust með rafrænt á Teams.

Ljósmynd: Eignaumsjón

# Gleðilegar jólaseríur úti & inni



**30%**  
**AFSLÁTTUR**  
**AF JÓLASERÍUM**



## Verðdæmi:

- LED jólasería - 100 ljós - IP44 ..... kr. **1.397** verð áður: 1.995
- LED samtengjanleg jólasería - 80 ljós - IP65 ..... kr. **2.377** verð áður: 3.395
- LED ljósaslanga - 10 m - IP65 ..... kr. **3.497** verð áður: 4.995

Mikið úrval af  
rakavörðum  
fjöltengjum IP44

Verð frá  
kr. **1.995**

Framlengingarsnúra 10 metrar

**3.295**



Kapalkefli 10 metrar

**4.395**



Kapalkefli 15 metrar

**5.895**

25 metrar  
kr. 8.495  
50 metrar  
kr. 14.985



Kapalkefli, rakavarið  
IP44 25 metrar

**11.795**



SENDUM UM  
LAND ALLT!  
www.murbudin.is

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Steinbítur með hnetum, hvítlauk, apríkósum og osti

- frábær réttur sem vert er að prófa

Við bjóðum að venju upp á gómsætan rétt frá Hafinu í Spönginni í uppskrift dagsins sem hér birtist. Við skorum á lesendur að prófa þessa forvitnilegu uppskrift.

Steinbítur með kasjúhnetum, hvítlauk, apríkósum og bræddum osti.

• Um 700 gr. Steinbítur eða annar góður hvítur fiskur.

- 50 gr. chili kryddaðar kasjúhnetur, gróft saxaðar.
- 1 sítróna.
- 100 gr. rifinn laktósafrír ostur
- Ca 8 apríkósur sem fengið hafa að liggja í vatni í ca. 30 mínútur, saxaðar
- 2 hvítlauksrif, pressuð.
- 1 msk. Marokkóskt fiskikrydd frá Kryddhúsinu.
- 2 msk. fínhökkuð steinselja.
- Salt og pipar.



Steinbíturinn frá Hafinu eru ótrúlega girnilegur og sannkallaður sælkeramatur.

• Skvetta af ólífúolíu  
Hitið ofninn í 190 gráður.  
Skerið sítrónu í sneiðar. Skerið því næst Steinbítinn í hæfilega bita. Raðið sítrónusneiðunum í botninn á eldfast mót, leggið svo fiskbitana þar ofan á. Saltið, piprið og hellið smá af góðri ólífúolíu yfir fiskinn. Hrærið saman í

skál: kasjúhnetum, rifnum osti, söxuðum apríkósum, steinselju og pressuðu hvítlauksrifi og setjið yfir fiskinn.

Gott er að setja svolítið af ólífúolíu ofan á allt. Bakað í ca. 20 mínútur, bætið við 2 mínútum og hækkið hitann upp í 200 gráður til að fá gylltan lit á ostinn í lokin.

Dásamlegur fiskréttur sem allir í fjölskyldunni elska.

Rétturinn er borinn fram með sítrónudressingu, grilluðum sætum kartöflubitum með parmesan hjúp og grænu fersku salati.

Verði ykkur að góðu!

## TILBOÐS DAGAR

40% afsláttur af öllum umgjörðum í verslunum Prooptik í Kringlunni og Spönginni.

**prooptik**  
gleraugu

• KRINGLAN  
• SPÖNGIN  
prooptik.is / 570 0900

**40%**  
afsláttur af öllum  
umgjörðum!





# SLEPPUM NÖGLUNUM

Það liggur í loftinu



Reykjavík

# Dynjandi í samstarf við Fjölni

Það gleður okkur að kynna nýjan samstarfsaðila handknattleiksdeildar Fjölnis, Dynjanda, en merki þeirra verður á öxlum allra búninga handknattleiksdeildarinnar; meistaraflokka, yngri flokka Fjölnis og samstarfsflokka Fjölnis/Fylkis

Hér til hliðar má sjá Gunnar Val yfirþjálfara handknattleiksdeildarinnar ásamt Péttri Gísla frá Dynjanda við undirskrift samningns.

Fjölnismenn þakka Dynjanda kærlega fyrir og við hlökkum til samstarfsins!



Valur yfirþjálfari handknattleiksdeildar Fjölnis ásamt Péttri Gísla frá Dynjanda eftir undirskrift samningns.

**Útfararstofa Íslands**  
Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300  
Kommum til aðstandenda og raðunni skipulag sé þess óskað  
☎ utforin/zutforin.is 🌐 www.utforin.is

 Sveinir Einarsson Útfararstjóri S: 896 8242	 Jón G. Bjarnason Útfararstjóri S: 793 4455	 Jóhanna Elfríksdóttir Umjónsleiðandi	 Guðrún Eiríksdóttir Fránkvæmdastjóri Umjónsleiðandi S: 882 0537
---	---	--	---

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



**Fiskréttur dagsins**  
2.890 kr kg

**HAFID**  
FISKVERSLUN  
Gæðin skipta máli



Efstir í Úrvalsdeild Íslandsmóts skákfélaga, A sveit Fjölnis.

## Skákdeild Fjölnis á toppnum með gott forskot

Skákdeild Fjölnis hefur náð miklu forskoti í úrvalsdeild eftir fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga sem fram fór í Rimaskóla helgina 12. - 15. október. Fjölnismenn gerðu meiri breytingar á liði sínu fyrir þetta keppnistímabil en önnur félög og tefldu fram fjórum stíggahæstu skákmönnum keppinnar, þar af kornungum stórmeisturum frá Danmörku og Litháen. Þetta skilaði sér í sigrum í öllum fimm viðureignum liðsins og samtals 10 stigum. Næsta sveitir TR og Víkinga eru með 7 og 6 stig. "Það er harla ólíklegt að breyting verði á stöðu mála í seinni hlutanum og má nánast bóka sigur Fjölnis í efstu deild" segir stórmeistarinn Helgi Ólafsson í Morgunblaðinu 21. okt. Síðari hlutinn fer fram í kringum mánaðarmótin febrúar - mars 2024. Athygli vekur að á 5 efstu borðunum í A sveitinni eru allir skákmeistararnir 25 ára og yngri.

Þessi glæsilega frammiastaða er ánægjuleg staðfesting á markvissu og árangursríku starfi Skákdeildar Fjölnis í 20 ár. Þar hefur áherslan verið lögð á barna- og unglingsstarf deildarinnar. Enginn uppalinn Fjölnis-skákmaður hefur haft félagaskipti í gegnum árin og á keppnislista Fjölnis sveita er að finna þrjár kynslóðir



Dagur R: Dagur Ragnarsson margfaldur Norðurlandameistari með skák-sveitum Rimaskóla er núna í lykilhutverki í A sveit Fjölnis sem stefnir á Íslandsmeistaratitlinn.

ungmenna á aldrinum 7 - 30 ára.

Nú stefna Fjölnismenn markvisst á að halda forustinni í Úrvalsdeild og ná fyrsta Íslandsmeistaratitli Umf.

Fjölnis í hópíþrótt. Liðstjóri Fjölnis er sem fyrr Helgi Árnason formaður skákdeildarinnar.



Yngsta kynslóðin skipar C sveit Fjölnis, allt grunnskólanemendur sem eiga framtíðina fyrir sér.



Jafnrétti. B sveit Fjölnis hefur forystu í 3. deild eftir fyrri hluta Íslandsmótsins. Í þessari ungu sveit eru jafnt konur og menn.




# YRSA ER KOMIN!

„Yrsa skrifar alltaf  
frábærar bækur.“



Politiken



VERÖLD





Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# GV

Ritstjórn og

auglýsingar 698-2844

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

## Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með  
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag  
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirkt greiðslu- og innheimtukerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignausmjón.is | eignausmjón.is

## Fréttir

## GV

# Vonin og vináttan

- eftir Örnunni Yrr Sigurðardóttur, prest  
í Grafarvogskirkju



sr. Arna Yrr Sigurðardóttir, prestur í  
Grafarvogskirkju.

Til þín, Drottinn hnatta' og heima,  
hljómar bæn um frið.  
Veittu hrjáðum, hreldum lýðum  
hjálp í nauðum, sekum grið.  
Þegar skjálfa skorðuð fjöllin  
skeika flest hin dýpstu ráð,  
lát oss veika fá að finna  
fasta bjargið, þína náð.

Við stöndum smá og vanmáttug  
frammi fyrir ógnarvaldi náttúrunnar  
hér á landi þessa dagana og hugur  
okkar allra er hjá íbúum Grindavíkur.  
Auk þess eru skelfilegir atburðir að  
gerast víða í heiminum, og mannvon-  
skuna má sjá víða. Orð Páls V.G. Kol-  
ka í sálmaversinu hér fyrir ofan tjá vel  
vanmáttinn gagnvart ófriði og ógn.  
Um leið er bænin um frið, um huggun  
og hjálp svo sterk og ákallið til Drot-  
tins, sem ræður himintunglum, um að  
gerast bjarg okkar og skjól er fullt af  
von. Vonin var líka til staðar á

samverustund fyrir Grindvíkinga í  
Hallgrímskirkju. Þar var það samver-  
an, samstaðan og vináttan sem gaf  
styrk og von inn í óvissuna og óttann.  
Því það er einmitt þegar við upplifum  
mesta óvissu og ótta, sem við gefum  
hvert öðru mest af okkur sjálfum. Þe-  
gar vinur er í nauðum, erum við sem  
betur fer tilbúin og fær um að hjálpa.  
Það höfum við sýnt hvert öðru í geg-  
num alls konar áföll og hremmingar  
hér á landi.

Við tölum mikið um kærleikann, og  
náungakærleika í kirkjunni, og hann  
hefur svo sannarlega birst í atburðum  
síðustu daga. En stundum verður þetta  
hugtak, kærleikurinn, svolítið  
hálfleygt, og erfitt að höndla það.  
Vináttan er aftur á móti jarðbundnara  
hugtak, sem við eigum auðveldara að  
tengja við í hversdeginum. Í vetur  
ætlum við að gi tileinka starf Grafar-

vogskirkju vináttunni. Vináttu sem er  
svo dýrmætt að eiga, bæði í gleði og  
sorg. Við efnum til vinakvölds í Gra-  
farvogskirkju fimmtudagskvöldið 23.  
nóvember nk. Þar verður ýmislegt á  
dagskrá til heiðurs og eflingar vinát-  
tunni og við bjóðum þér að koma og  
njóta samverunnar með okkur. Auk  
þess erum við með facebook hóp sem  
heitar vinir Grafarvogskirkju og við  
hvetjum þig til að skrá þig í þann hóp.

Vonin og vináttan eru það sem hel-  
dur okkur gangandi á erfiðum tímum,  
og gefur okkur innihald á gleðistun-  
dum. Með þú njóta hvoru tveggja.



Grafarvogskirkja.

## Þjónustuverkstæði Arctic Trucks

Fyrir allar stærðir  
og gerðir bíla



### Ókeypis vetrarskoðun

- Ástandsskoðun á bremsum, dekkjum, ljósabúnaði, þurrkum og rafgeymis
- Frostþol kælikerfis og rúðuvökva athugað, smurt í lamir og læsingar.

Bókaðu tíma á noona.is eða www.arctictrucks.is

- Almennar bílaviðgerðir
- Bilanagreiningar
- Hraðþjónusta
- Smurþjónusta
- Bremsuviðgerðir
- Hjólstillingar
- Olíuskipti á sjálfskiptingum

540-4900

www.arctictrucks.is

Arctic Trucks, Klettháls 3, 110 Reykjavík

# Bætum umferð í Grafarvogi með snjalltækni

- eftir Kjartan Magnússon borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Það er frumskylda hvernar borgarstjórnar að sjá til þess að íbúar komist leiðar sinnar með skjóttum og öruggum hætti. Góðar samgöngur skipta íbúa í Grafarvogi miklu máli enda sækja margir þeirra atvinnu og þjónustu út fyrir sitt heimhverfi.

## Umferðartafir kosta tugi milljarða

Of miklum tíma er sóað með umferðartöfum í Reykjavík og ljóst að sá kostnaður nemur tugum milljarða króna á ársgrundvelli. Er áætlað að a.m.k. 15 þúsund klukkustundum sé sóað í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu á hverjum degi. Samsvarar það 25 klukkustundum árlega á hvern borgarbúa. Flest viljum við verja sem mestu af dýrmætum tíma okkar með fjölskyldu og vinum en sóa honum ekki í umferðartappum.

Snjallvæðing umferðarljósanna og bestun umferðarljósanna með hjálp gervigreindar hefur nú þegar sannað sig víða erlendis í því skyni að stytta tafatíma og auka öryggi í umferðinni. Fjárfesting í sambærilegri snjallvæðingu í Reykjavík yrði ekki mikil en væri afar fljót að skila sér margfaldlega með greiðari umferð, fækkun slysa og minni mengun.

Varlega áætlað gæti slík snjallstýring umferðarljósanna bætt umferðarflæði í Reykjavík um 15% og minnkað tafir strætisvagna um 20%.

## Miklir kostir snjallstýringar

Kostir slíkrar snjallvæðingar eru

ótvíræðir. Í Reykjavík er hins vegar enn notast við svonefnt klukkukerfi, gamla tækni sem ekki er hægt að segja að byggist á snjalltækni nema að mjög takmörkuðu leyti.

Í sumar bauð Reykjavíkurborg út umferðarljósakerfi fyrir Höfðabakka. Um er að ræða sjö gatnamót, þar sem hefði verið kjörið að setja upp snjallstýrt kerfi. Því miður kaus borgin að halda



Kjartan Magnússon.

sig við gamla klukkufyrirkomulagið.

Slíkt sleifarlag í umferðarstýringu leiðir til þess að umferðartafir eru miklu meiri en þær þyrftu að vera og umferðaröryggi jafnframt minna.

## Tillaga Sjálfstæðisflokksins

Í september sl. lagði ég fram eftirfarandi tillögu um málið á vettvangi borgarstjórnar fyrir hönd borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

- Lagt er til að gerðar verði úrbætur á stýringu umferðarljósanna í Reykjavík í því skyni að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun í borginni.

- Leitast verði við að nýta kosti tiltækra tölvutækni betur en nú er gert til að ná þessum markmiðum. Það verði m.a. gert með aukinni notkun snjalltækni, sem stýrir viðkomandi umferðarljósum í þágu umferðaröryggis og -flæðisgangandi, hjólandi og akandi vegfarenda.

- Gervigreind verði notuð til að besta stýringuna út frá gögnum, sem aflað verði með skynjurum á umferðarljósum.

- Í þessari vinnu verði hafður til hliðsjónar árangur þeirra borga á Norðurlöndunum og fleiri nágrannaríkjum, sem hafa náð góðum árangri við að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun með slíkri snjalltækni.

Tillagan er nú til skoðunar í borgarstjórn og verður vonandi til þess að ráðist verði af heilum hug í snjallvæðingu allra umferðarljósanna.

Með slíkri snjallvæðingu væri hægt að lágmarka umferðartafir í borginni og auka umferðaröryggi. Skynjarar myndu t.d. tryggja að akandi eða hjólandi vegfarendur þyrftu sjaldnast að bíða á rauðu

ljósi ef engin umferð væri á hliðargötunni.

Einnig væri hægt að sjá til þess að gangandi og hjólandi vegfarendur fengu forgang og kæmust alltaf örugglega yfir gangbrautina

en ættu það ekki undir ósveigjanlegri sekúnduklukku.

Þá væri hægt að tryggja strætisvögnum víðtækan forgang með slíkri tækni.

## VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER  
LEIKIN AF  
120.000.000  
MANNS Í YFIR  
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,  
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

**ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á  
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00**

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

# GULLNESTI

## Ódýri ísinn



**Grillið í  
Grafarvogi**

**Grillið í Grafarvogi - Gyflaflöt 1 - Sími: 567-7974**

# Völvur

## - á Íslandi

Völvur á Íslandi er ein af þeim bókum sem Hólar gefa út fyrir þessi jól. Hún er eftir Sigurð Eðgisson, guðfræðing og þjóðfræðing, og er rúmlega 400 blaðsíður að stærð. Þar er m.a. fjallað um á sjöunda tug völvuleiða, sem finna má heimildir um víða um land. Hólmaháls er þar á meðal. Hér er brot úr þeim kafla:

Á Hólmahálsi, milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, er þekktasta völvuleið landsins nú um stundir og hefur reyndar verið það nokkuð lengi, ekki síst vegna tiltölulegra gamalla og nákvæmra frásagna sem tengjast því. Fyrstan er þar að nefna Jón Árnason (1819–1888) þjóðsagnasafnara, en í 4. bindi Íslenskra þjóðsagna og ævintýra segir hann meðal annars og byggi þar á handriti Sigmundar M. Long (1841–1924), bóksala og fræðimanns: „Einu sinni var valva; hún var margkunnandi og fróð mjög. Ekki er getið um hvar hún hafi búið, en áður en hún dó bað hún að grafa sig þar í Reyðarfirði, sem bezt sæist til hafs og kvað Reyðarfjörður mundi ei af ræningjum unninn meðan sæist til leiðis síns. Var hún svo grafin á tanga þeim er verður út af Hólmatindi og Hólmanes er kallað og skiptir aðalfirðinum í Reyðar- og Eskjufirði; það er hálent og horfir sem bezt við hafi að orðið getur. Alfaravegur er yfir hálsinn og er leiðið rétt við hann; lítur það út sem græn hundapúfa. Einu sinni komu ræningar hér við land og ætluðu þá inn á Reyðarfjörð; en er þeir komu í fjarðarkjafinn sýndist þeim allt til lands að sjá sem eldur brennandi og urðu frá að hverfa (það hefur máské verið 1627 er rænt var á Djúþavog og Vestmannaeyjum); og það eignuðu menn ummælum völvunnar.“


Ásmundur Helgason (1872–1948), útvegsbóndi, fræðimaður og rithöfundur frá Bjargi í Reyðarfirði, segir meðal annars þetta í grein frá 1945: „Á fjallsegjunum er Snæfuglinn. Af kalli hans er víðsýni mikið, og allgott að klífa upp á hæstu brún hans. Gamli bændur sögðu, að það yrði að vera 5 stiga hiti á R. í byggð til þess, að ekki snjóaði á Snæfugl. Niður af Snæfuglinum í Krossanesi, sem snýr að Reyðarfirðinum, er allangur hjalli, en ekki mjög breiður, í daglegu tali nú nefndur Valahjalli. Þabbi minn, sem var fæddur og alinn upp á Krossanesi, sagði mér, að sér hefði verið sagt, að hann hétu Völvuhjalli. Hann sagði mér eftirfarandi sögu um tilefni nafnsins. Á hjallanum er rennisléttur grasflötur allstór. Þar er tóttarbot nefnt Völvutótt. Þarna átti valva ein að hafa átt heima endur fyrir löngu. Skammt þaðan er tær uppsprettulind. Annars virðist nú

ekki vera þar mjög bússælarlegt. Þegar valvan fann burtfarartíma sinn úr heimi hér nálgastr, bað hún þess, að hinar jarðnesku leifar sínar yrðu jarðsettar á einhverjum þeim stað, þar sem bezt væri útsýni yfir Reyðarfjörð. Ef það væri gert, sagðist hún skyldi sjá svo fyrir, að svo lengi sem nokkur flís af beinum sínum væri óbrotin, gæti engum útlendum reyfurum tekizt að ræna fólki, fénaði, eða fjármunum manna innan þess fjallahings, sem umlykur Reyðarfjörð. Þetta var gert og líkama hennar valinn legstaður við veginn á Hólmahálsi, milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Það eitt er víst, að hvergi í byggð sést betur yfir Reyðarfjörð en þar. Leiðið sést þar enn, grasi gróid við veginn og nefnist Völvuleiði. Þetta loforð völvunnar hefur þótt endast vel, sérstaklega þegar Tyrkir komu hingað til lands og rændu fjármunum og fólki og drápu marga menn á Austfjörðum nema á Reyðarfirði. Út af honum var svo sterkur norðvestan stormur, að skip þeirra og bátar, sem reyndu að ná þar landi, urðu frá að hverfa og hrakti til hafs. Þannig fóru þeir bönleiðir til búðar eftir margendurteknar tilraunir, sem þeir að sögn gerðu til að ná landgöngu við þennan stærsta fjörð á Austurlandi. Þá skal þess getið hér, sem satt er, að það var ofan við þennan hjalla, sem þýzka herflugvélín rakst á klettabelti um vomótt í maí 1941, og fimm menn fórust og vélin mölbrotnaði. Hvort valva sáluga hefur villt sendimönnum Hitlers sýn í sendiför þeirra til Austfjarða, verður ekki dæmt um af mér.

Sú þjóðsaga fylgdi jörðinni Krossanesi,

að þar mætti ekki halda brúkaupsveizlu, ef persónurnar hétu Guðrún og Jón. Ef það væri gert, hrapaði Múlinn (fjallið upp af bænum) ofan yfir bæinn. Árið 1878 voru hjónaefni á Krossanesi með þessum nöfnum, en vegna spádómsins þorðu þau ekki að gifta sig þar, heldur fengu að halda veizluna á öðrum bæ. Mér er saga þessi minnstæð vegna þess, að ég var búinn að hlakka svo mikið til að fá að fara í veizluna, sem var mjög stutt frá, þar sem ég ólt upp. En þegar veizlustaðurinn var færður um tveggja klukkutíma ferð um vonda skriður, dofnadi veizluvonin, og ég fór að spyrja mömmu mína, hvers vegna veizlan væri ekki haldin á Krossanesi. Þá sagði hún mér spásöguna um völvuna.“

Sigurbjörn Snjólfsson (1895–1980) frá Svínafelli í Hjaltastaðapinghá, Norður-Múlasýslu, kvaðst í viðtali 25. janúar 1979 muna vel eftir því, að „gamla sagan“ hefði rifjast upp fyrir mörgum eystra í og eftir fyrri heimsstyrjöldina, 1914–1918, og margir trúad því, að áhrinsorð völvunnar



hefðu komið í veg fyrir árás Miðveldanna á Austurland, enda „var eiginlega ekkert sem gerðist ... í þessum landshluta ...“

Guðrún Sigurðardóttir (1883–1971), fædd á Birnufelli í Norður-Múlasýslu en alin upp á Eskifirði, sagði frá því í viðtali 13. júlí 1965, að þegar hún og önnur börn á hennar reki voru að ganga til spuminga inni á Hólum, til fermingar, hafi þau alltaf stansað hjá völvuleiðinu og látið í þakkætisskyni fyrir vernd hennar í aldanna rás einhvern smáþening í holu sem var í því. Á þeim árum lá vegurinn frá Eskifirði til Reyðarfjarðar skammt austan við leiðið. Guðni Jónsson (1891–1974), af Fossárdal í Berufirði, trésmíðameistari á Eskifirði, kvaðst í viðtali 9. júní 1969 einu sinni hafa komið að völvuleiðinu og „lét eins og margir góðir menn“ smáþening í holuna. „Og ég hugsa nú,“ bætti hann við, „að [gjafimar] hafi fengið að vera í friði, að það hafi verið það sterk trú á þessu, að það hafi ekki verið nokkur sem hafi látið sér detta í hug að fara að róta í leiðinu“ til að næla sér í þessa fjármuni.

Fram undir aldamótin 1900 áttu bæði Eskifirðingar og Reyðfirðingar sókn að Hólum. Síðasta kirkja þar, byggð árið 1850, var þá orðin lúin, og árið 1899 var Hólmasókn skipt í tvennt og í framhaldi af því var Eskifjarðarkirkja byggð, árið 1900. Árið 1909 var jafnframt ákveðið að leggja niður kirkju á Hólum og byggja nýja í hinu þá ört stækkandi þorpi á Búðareyri við Reyðarfjörð. Talið er að síðasta messa hafi verið sungin á hinum farna kirkjustað 4. sunnudag í föstu 1911. Síðurinn, að láta einhverja aura af hendi rakna til konunnar fornu lagðist þó ekki af, ekki heldur þótt akvegurinn væri síðar

færður í tvígang neðar í Hólmahálsinn og þar með í átt frá leiðinu. Eftir að menn hlóðu vörðu hjá eða yfir staðnum á árunum 1960–1970, voru peningarnir lagðir við rætur hennar, suðvestan megin. Hún var síðan endursköpuð í maí 1998, þegar hin eldri var farin að láta á sjá. Að því stóðu tveir kennarar á Eskifirði, Friðrik og Þórhallur Þorvaldssynir, og nemendur þeirra í 9. bekk grunnskólans þar.

Að auki hefur tíðkast, allt fram á 21. öld, þótt ekki fari það hátt, að fólk eigi garann stund við leiðið og biðji þá völvuna um huggun og styrk í ýmskonar raunum, bæði fyrir sig og ástvini.



Hjá Grænum skátum starfa 30 einstaklingar með skerta starfsgetu.

## Almenningur er mjög ánægður með þjónustuna

Grænir skátar reka móttökustöð fyrir flöskur og dósir í Hraunbæ en býður líka upp á þá þjónustu að setja upp flát fyrir dósir og flöskur í fjölbýlishúsum, hjá félagsamtökum og fyrirtækjum sem skátarnir þjónusta.

„Fólk hefur verið tekið mjög vel í þjónustuna og þá sérstaklega húsfélaga- og fyrirtækjaþjónustuna nú upp á síðkastið segir Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri Grænna skáta. Töluverð fjölgun hefur verið á fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu og eftirspurn eftir þjónustu aukist mikið,“ segir Kristinn, þegar hann er spurður út í viðtökurnar.

Finnst Kristni vitundarvakning hafa orðið í þessum málum á Íslandi?

„Já almenningur vill vera ábyrgur þegar kemur að endurvinnslu,“ svarar hann. „Á móti þurfa lausnirnar auðvitað að vera vel aðlagðar að fólki,“ bendir hann á og segir Græna skáta leggja sig fram í þeim efnum.

### Einfalt og þægilegt fyrirkomulag

En út á hvað ganga lausnir Grænna skáta? „Í stuttu máli nokkur við

grændargáma og móttökustöð í Hraunbæ sem er opin alla daga vikunnar en bjóðum líka upp á þá þjónustu að setja upp flát fyrir dósir og flöskur í fjölbýlishúsum, hjá félagsamtökum og fyrirtækjum,“ útskýrir Kristinn. „Þegar flátin eru full sækjum við þau. Svo einfalt er það.“

Hann segir marga gefa Grænum skátunum umbúðirnar en þeir bjóði líka upp á að greiða út skilgjaldid. „Við greiðum að hámarki 12 krónur fyrir hverja einingu þegar að við sækjum til viðskiptavina, skilgjaldid er 20 krónur, svo við höldum eftir 8 krónum fyrir þjónustuna.“

Hann bendir á að almenningur geti líka komið í móttökustöð Endurvinnslunnar í Hraunbæ og fengið þar 20 kr. skilgjald greitt. Stöðin er afar vinsæl enda opin alla daga vikunnar frá kl. 9 á virkum dögum og kl. 12:00 um helgar.

### Stoltur af starfinu

Kristinn hefur unnið sem framkvæmdastjóri hjá Grænum skátum í sex ár og segir gefandi að taka þátt í starfinu. „Sérstaklega erum við stolt af þátttöku okkar í tengslum við verkefnið „Atvinna með stuðning“

en hjá Grænum skátum starfa 30 einstaklingar með skerta starfsgetu. „Við höfum verið með starfsmenn með skerta starfsgetu frá stofnun fyrirtækisins fyrir 30 árum enda frábært að veita þeim vinnu sem þurfa á stuðningi að halda.“

Hann bætir við að þetta sé megin tilgangur Grænna skáta ásamt því að stuðla að aukinni umhverfisvitund meðal landsmanna og afla fjár fyrir Bandalags Íslenskra skáta, sem stangi að baki rekstri fyrirtækisins. Féð sem safnast renni síðan í uppeldis- og félagsstarf ungs fólks á vegum bandalagsins víðs vegar um landið.

Það er ekki annað að heyra en Kristni finnst gaman hvað Íslendingar hafa tekið taka framtakinu vel. „Já fólk er afar sátt við okkar þjónustu og finnst gott að vita að allur hagnaður fyrirtækisins fer í góðan málsstað,“ segir hann og tekur fram að allir geta nýtt sér þjónustuna.

„Algjörlega, við lögum okkur bara að þörfum hvers og eins,“ undirstrikar hann og hvetur áhugasama að kynna sér málið nánar á [www.dosir.is](http://www.dosir.is)



Móttökustöð Endurvinnslunnar í Hraunbæ er opin alla daga.

# Lesum um FUGLA

Lestur barna hefur löngum verið Árna Árnasyni, kennara til margra ára og fuglaljósmyndara, mjög hugleikinn og hefur hann í gegnum tíðina samið og skrifað fjölmargar bækur sem flestar eiga það sameiginlegt að höfða ekki síst til þeirra barna sem af einhverjum ástæðum glíma við lestrarerfiðleika, en spilla síður en svo fyrir hinum fluglæsu, enda er efnið yfirleitt áhugavert.

Nýlega sendi Árni frá sér bókina Lesum um fugla. Þar kynnir hann til leiks í stuttu máli og með vönduðum ljósmyndum um 70 tegundir algengra fugla. Við forvitnuðumst aðeins um þessa bók og hvernig megi nýta hana í þágu barna og þess vegna fjölskyldna.

Hvað geturðu sagt okkur um þessa bók, Lesum um fugla?

„Jú, hún er hugsuð fyrir börn sem eru farin að lesa sér til gagns og

nýtist þeim og öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynnast algengum fuglum í íslenskri náttúru. Bókin er þannig upp byggð að fuglunum er raðað í stafrófsröð, sem gerir það að verkum að það er þægilegt að leita í henni, svo er lýsandi mynd af hverjum fugli fyrir sig og tvö til þrjú lykilorð um hvern þeirra, sem er svo svarað í stuttum texta þar á eftir.“

En hvernig geta foreldrar komið að bókinni og stutt við lestur barna sinna?

„Það geta þeir gert með ýmsu móti. Þeir geta auðvitað hjálpað þeim við að lesa textann og rætt um þau atriði sem þar eru nefnd, svo sem hvað það merki hjá álfinni „að vera í sárum“, eða þá að hrafninn „sé alæta“. Svo er hægt að lesa í myndirnar og ræða um þær, en allt þetta – lestur, spjall um textann og myndirnar – hjálpar börnum að auka við orðaforða sinn og lesskilning



Árni Árnason kennari og fuglaljósmyndari til margra ára.

og bætir svo vitaskuld sjálfan lesturinn hjá viðkomandi barni. Ég hvet foreldra eindregið til að sitja með börnum sínum þegar þegar þessi bók er lesin, nú eða ef aðrar bækur eru hafðar um hönd, og sýna því áhuga sem þau eru að lesa og/eða skoða. Það er sannkölluð gæðastund og skilar sér svo sannarlega þegar að fram liða stundir.“



## MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER  
LEIKIN AF  
120.000.000  
MANNS Í YFIR  
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,  
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á  
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

*Keiluhöllin*  
EIGI SHOLL



Borgarholtsskóli

## BLÓMSTRAÐU Í BORGÓ INN RITUN

Innritun fer fram 1. til 30. nóvember



AFREKSÍPRÓTTASVIÐ



BÍLIDNGREINAR



BÓKNÁM



MÁLMIÐNGREINAR



LISTNÁM



SÉRNÁMSBRAUT

Fylgstu með okkur

Borgarholtsskóli

Borgarholtsskóli

# Tók fréttina fram yfir börnin sín!

- kaflar úr bókinni „Í stríði og friði fréttamenskunnar“

eftir Sigmund Erni Rúnarsson

Sigmundur Erni Rúnarsson er landsmönnum að góðu kunnur. Hann hefur nýverið sent frá sér bókina „Í stríði og friði fréttamenskunnar“ þar sem hann fer yfir farinn veg á viðburðaríkum ferli fjölmiðlamanns.

Hér fara á eftir kaflar úr bókinni:

Prettándi kafla – 2005

Þegar ég fór frá Stöð 2 á sínum tíma eftir að ár var liðið af nýrri öld – í skiptum fyrir örstutt ævintýri á DV – efndu starfsfélagar mínir og vinir á Krókhálsi til heljarinnar kveðjuveislu sem rennur mér seint úr minni.

Það var verið að þakka mér fyrir fimmtán ára samfelld starf á bak við myndatökuvélarnar og ekki síður fyrir framan þær.

Gott ef ég táraðist ekki eins og ég á að mér á viðkvæmum stundum sem þessum, enda á ég að heita lýrískur sveimhugi að eðlisfari sem tekur tilfinningar fram yfir rökvísi.

Og það alla daga.

Teitið var haldið í myndverinu inn af

fréttastofunni, Lynghálsmegin í þéttri húsaþyrpingunni á þeirri torfu, sem stundum var kallað Óskastundarstúdíó-ið eftir að Edda vinkona mín Andrés-dóttir vígði þau víðu og rismiklu salarkynni með einkar vinsælum og vikulegum sjónvarpsþáttum sem báru þetta viðkunnlega heiti sem tengir saman þrjár og vonir mannsins.

Og mikið sem þetta var gaman. Það gat ekki verið annað. Það var alltaf gaman á Stöð 2. Það er ein stærsta bankainneignin sem ég hef eignast á ævinni og vex enn og dafnar í minningunni á góðum vöxtum.

En það voru haldnar ræður. Annað hefði líklega aldrei komið til greina. Og gamansemín var sem fyrr í aðalhlutverki. Grá og svört. Flísað og hlegið. Og mér voru afhentar nokkrar myndbandsspólur í anda augnabliksins. Temað var James Bond, njósnari hennar hátignar. Fyrsta spólan sem ég tók við bar nafnið Never say never again.

Sú næsta hét You only live twice. Og

loks kom sú þriðja, Diamonds are forever, sem varð til þess að ég fór endanlega að flóa tárur.

Skilaboðin voru skýr.

Hljýja og eftirsjá.


Ég fann að ég var að skilja við fjölskyldu, hina fjölskylduna mína, og það er alls ekki ónýtt að eiga þær tvær þegar svona er í pottinn búið.

\*\*\*

Þegar ég var svo ráðinn fréttastjóri Stöðvar 2, aðeins ári eftir að ég tók við fréttaritstjórninni á Fréttablaðinu á því kolklikaða ári 2004, og ég gekk inn á gömlu fréttastofuna mína á Krókhálsi á nýjan leik, einmitt við hliðina á stúdíóinu sem kennt var við Óskastundina – og hýst hafði kveðjustundina fjórum árum fyrir, fann ég að gömlu árin mín á þessum ævintýralega vinnustað runnu upp fyrir mér eins og bíómynd.

Ég mundi enn þá allar senurnar eins og þær hefðu gerst í gær.

Og þar blasti bæði við mér gaman-



Sigmundur Erni Rúnarsson ásamt samstarfsfólki á Stöð 2. Við hlið hans situr Elin Hirst og frá vinstri í efri röð eru Ólafur E. Friðriksson heitinn, Elin Sveinsdóttir eiginkona Sigmundar og Karl Garðarsson.



Kröftugt fréttalið á Stöð 2 að störfum.



Sigmundur Erni Rúnarsson og Kristján Már Unnarsson að búa sig undir viðtal við Davíð Oddsson.

mynd og spennamynd, dramasería og súrrealískar ræmur í anda Luis Bunuel, en frá fyrstu tímum Stöðvar 2 var hún þetta allt – og raunar meira til, gott ef ekki fjölskyldufilma að hætti Ingmar Bergman, með slíkar fjöldasener að maður hafði ekki undan að telja leikarana og tjöldin í kringum þá.

Þannig var Stöð 2, hugsaði ég þennan dag, þegar ég gekk þangað inn sem fréttastjóri eftir næstum tuttugu ára loftfílmleika hennar á ljósvakans frjálsu rásum.

Og þvílíkar endurminningar sem komu upp í hugann.

Hvað hafði ekki gerst í þessum húsakynnum allt frá miðjum níunda áratugnum?

Gott ef ekki allt.

\*\*\*

Kannski er símtal okkar Kristjánás Más Unnarssonar kollega míns á aldamótaárinu 2000 einhver skrýtnasta endurminningin – og um leið sú persónulegasta.

Það var nokkuð liðið á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Mér hafði verið falið að vera með viðhafnarræðuna við serímoníu dagsins í Kvinnalundinum á Flúðum, en þá vorum við fjölskyldan fyrir löngu búin að gera okkur heimakomin á þessum gróðurælu völlum í uppsveitum Suðurlands, enda átt þar hlýlegan sumarbústað í áratug.

Eftir samkomuna héldum við hjónin í golfskálann að Efra-Seli þar skammt frá til að kaupa ís handa krökkunum og kaffi og kleinur fyrir okkur sjálf. En við vorum ekki fyrir sest niður en skjálftinn reið yfir. Í fyrstu fannst mér eins og stóreflis steypubíll hefði verið keyrt á húsið – og ég mátti hafa mig allan við að missa ekki bollann úr höndunum. Enda fór allt á tjá og tundur í kring. Það hrundi hvaðeina sem fallið gat í eldhúsinu, ísskápur, bjórkælir, kökuhirsla og sjóðvélin sjálf. Og aumingja norska stúlkan sem stóð þar í miðju brakinu – og hafði komið til landsins í byrjun mánaðarins – spurði nokkuð felmtri slegin hvort þetta væri

oft svona á Íslandi.

En það er ekki svo. Þetta var stórfreitt. Sjálfur Suðurlands-skjálftinn. Við höfðum beðið hans jafn lengi og við óttuðumst hann.

Og ég stekki í hendingskasti að fastlínusíma í salnum sem líka hafði fallið í gólfið og hringi í fréttasímann hjá vaktstjóranum Kristjání Má á Stöð 2 og Bylgjunni. Við rjúfum útsendinguna um leið – og ég lýsi aðstæðum í þaula, en Litla-Laxá við hliðina á skálanum hafi lyft sér yfir túnin – og fellin í grennd hafi gengið í bylgjum. Hann hljóti að hafa verið yfir sex á Richter, segi ég við Kristján – og þá ríður fyrsti eftirskjálftinn yfir, litlu minni – og mér er sem snöggvast litit út um gluggann og sé þá yngsta son minn, fjögurra ára, skondrast um eins og skopparabol á flötinni, með skelfingarsvip á vörum – og skammt þar undan reyna eldri systkini hans þrjú að skrifa af veikum mætti í átt að húsinu, álíka skelkuð og sá yngsti.

Börnin eru frávíta af hræðslu.

En ég er fastur í símanum. Ég er í beinni útsendingu. Ég má ekkert vera að því að bjarga krökkunum mínum – og reyni að ná augnsambandi við konuna á meðan ég romsa út úr mér lýsingunum á því sem fyrir augu ber, en hún grúfir andlitit í greipum sér í stólnum og virðist hvergi geta hreyft sig.

Þetta er ekki björgulegt.

Og enn síður stórmannlegt af mér. Allar götur síðan hef ég skammt mín fyrir að hafa tekið vinnustaðinn fram yfir veslings börnin mín á þessum líka ljóta þjóðhátíðardag-inum.

En við skúbbuðum Ríkisútvarpið með tilþrifum þennan dag, sem var ekki meiri öryggisventill í lífi þjóðarinnar en svo að einhver nauðaómerklegur kappleikur dóladi á dagskrá þess á meðan stærsti skjálfti í manna minnum reið yfir landið með hrikalegri eyðileggingu á byggingum og vegum.

Sá stóri sigur á keppinautnum hefur alltaf mildað mórallinn.

# HÓP



## STARFSMANNA DJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEDUR  
**HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM  
OG SAMA STAÐNUM**

Hvar er betra að þjappa  
hópnum saman en í góðu veðri  
innandyra hjá okkur þar sem  
allt er á einum stað.

HAPPY HOUR á barnum og  
RÚTA Í BÆINN alla föstudaga  
og laugardaga.

### OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM

FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á  
[KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS](mailto:KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS)

# KÉILA PÍLUKAST KARRAOKE

# GAESANIR / STEGGJANIR AFMÆLLI

s. 5 11 53 00

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)



*Breski herinn handtók Karl Hirst, afa Elínar Hirst, í upphafi hernámsins fyrir það eitt að vera Þjóðverji og fluttu í fangabúðir á eyjunni Mön. Næstu ár voru öll samskipti hjónanna ritskoðuð og amma Elínar, Þóra Marta Stefánsdóttir, sem var kraftmikil og hugmyndarík kona, þurfti ein að sjá fyrir fjölskyldunni. Að stríði loknu tók við önnur barátta – að heimilisfaðirinn fengi að snúa aftur heim til eiginkonu sinnar og barna. Þegar Þjóðverjarnir komu loks aftur til Íslands voru þeir niðurbrotinir, ekkert var eins og áður; sum hjónaböndin höldu ekki álagið og það slitnaði upp úr tengslum feðranna við sum börnin.*

um handtöku afa, stríðsárin, fangabúðirnar og baráttuna fyrir heimkomu hans. Því má segja að þessir atburðir hafi orðið hluti af „erfðamengi“ fjölskyldunnar.

#### Atburðir sem aldrei gleymast

Reykjavík, 5. júlí 1940

Það var föstudagsmorgunn. Úti var sól og blíða og dagurinn virtist ætla að verða einn af þessum fallegu sumardögum í Reykjavík. Atta vikur voru liðnar frá hernámi Breta á Íslandi. Síðustu vikur höfðu verið mjög erfiðar á Undralandi því að húsbóndinn var þýskur ríkisborgari og átti yfir höfði sér handtöku, en Bretar höfðu handtekið fjölda Þjóðverja sem bjuggu hér á landi og í því ástandi sem ríkti grunuðu þeir alla Þjóðverja um græsku.

Afi var farinn til vinnu en amma og synir þeirra tveir, tæplega tveggja og fimm ára, vildu lúra aðeins lengur. Amma sagði þeim sögur, eins og svo oft, en hún var afar góður sögumaður, kunnir ógrynni af sögum um tröll, drauga, galdramenn, álfar og huldufólk og drengirnir höfðu afar gaman af að hlusta. Þýska ævintýrið Bláskjár um vondu ræningjana sem héldu litlum dreng í gíslingu um árabíl var ein af uppáhaldssögum þeirra.

Aratugum síðar sagði amma okkur barnabörnunum þessar sömu sögur uppi í sama hjónarúmi. Eg sé því atburðarásina sem átti eftir að setja mark sitt á líf þeirra allra ljóslifandi fyrir mér.

Skyndilega heyrðu þau fyrirgang og hávaða á neðri hæðinni.



Breskir hermenn á hafnarbakkanum í Reykjavík, nýkomnir í land úr herflutningaskipum.

vel, hvernig þeir dirfðust að rjúfa friðhelgi heimilisins með svo freklegum hætti og veifa lífshættulegum vopnum fyrir framan börn. Foringinn heimitaði að fá að vita hvar afi væri en amma svaraði að bragði að hann væri

þessi saga hefst.

Suðurlandsbrautin lá rétt fyrir ofan Undraland og bílar voru farnir að þjóta þar um. Þetta var eins og að búa í senn í sveit og í bæ.

Næsta býli við Undraland hét

# Afi minn stríðsfanginn

#### Reykjavík í júlí árið 2023

Mig hefur lengi langað til að fræðast betur um það hvers vegna Karl Heinrich Hirst föðurafi minn, sem var mér afar kær, var handtekinn eftir hernám Breta á Íslandi árið 1940, grunaður um njósnir fyrir nasista. Í fimm ár var hann stríðsfangi í Bretlandi og að stríðinu loknu neitustu íslensk yfirvöld honum um landvistarleyfi þó að hann ætti íslenska eiginkonu, tvo unga syni og heimili í Reykjavík. Við tók tveggja ára „nauðungarvist“ í Þýskalandi þannig að fjölskyldan var aðskilin í sjó ár.

Eg lét loks verða af því að biðja Þjóðskjalasafn Íslands um afrit af skjölum sem vörðuðu afa minn frá því á stríðsárunum. Það varð kveikjan að þessari bók.

Eg var mjög nán föðurafa mínum og ömmu á Undralandi í Reykjavík og þau gegndu stóru hlutverki í lífi mínu og okkar barnabarnanna fjögurra. Í uppvextinum heyrðum við oft talað

Síðan hlupu einhverjir upp stigann að íbúðinni eins og mikið lægi við, opnuðu íbúðina sem var ólæst, komu fyrst inn í borðstofuna og þaðan inn í herbergi afa og ömmu. Þetta voru þrjár breskir hermenn vopnaðir rifflum með byssustingjum sem þeir beindu að ömmu, pabba og litla bróður hans af stuttu færi. Amma hrópaði upp af skelfingu og drengjunum var illa brugðið og fóru báðir að gráta. Hermennirnir spurðu skipandi röddu hvort Þjóðverjinn Karl Hirst byggi hér. Þeir yrðu að tala við hann undireins!


Ömmu var ekki fisjað saman og hún var fljót að ná valdi á aðstæðunum. Hún reyndi að róa drengina, vatt sér fram úr rúminu á náttkjólnum og skipaði hermönnum að koma sér samstundis út úr svefnherberginu. Þeim brá við og hlýddu strax.

Þegar fram var komið spurði amma hver væri foringinn og tók hann á eintal. Pabbi heyrði að hún spurði hátt og reiðilega á ensku, sem hún talaði mjög

farinn í vinnuna. Þá spurðu þeir hvar afi ynni og amma svaraði því. Meðan á þessu stóð upplifðu þau mikla hræðslu, hrylling og vanmátt sem átti eftir að setja mark sitt á fjölskylduna alla tíð. Enn ber á martröðum þar sem þessir atburðir endurtaka sig með þeirri skelfingu sem þeim fylgdi þó að liðin séu meira en 80 ár.

#### Sveitabær í borg

Föðurafi minn, Karl Hirst, og föðuramma, Þóra Marta Stefánsdóttir Hirst, bjuggu í hálfgerðri sveit austarlega í Reykjavík, í húsi sem hét Undraland og var við Þvottalaugaveg. A löðinni stendur nú Listhúsið við Engjateig, beint á móti hótelinu Hilton Nordica. Á þessum árum leit Reykjavík allt öðruvísi út en á okkar tímum. Austurhluti bæjarinnar, þar sem þau bjuggu, var nánast ein sveit og flestir stunduðu þar einhvern búskap. Gömlu þvottalaugarnar voru í næsta nágrenni og konur voru enn að þvo þvott þar við erfiðar aðstæður þegar



Afi og amma með pabba nokkurra mánaða gamlan.

Brúnstaðir og var myndarabú. Þar bjuggu hjónin Ingimundur Gíslason og Guðrún Þorsteinsdóttir og fjölskylda. Þegar ég var að alast upp voru hjónin á Brúnstöðum enn með búskap og heyjuðu á túninu þar sem Bandaríska sendiráðið og fleiri hús standa nú við Engjateig.

Á Brúnstöðum var meðal annars hæsnabú. Eitt sinn var verið að moka skítum út úr hæsnahúsinu þar þegar ég var hjá ömmu og afa og ætlaði að vera hjá þeim yfir nótt. En lyktin af gamla hæsnaskítum varð mér um megn svo ég hringdi í mömmu og bað

hana að sækja mig. Eg var ekki meiri búkona en þetta.

Undraland var rífið seint á níunda áratugnum. Mér finnst alltaf jafn skrýtið að aka Suðurlandsbrautina og sjá ekki lengur hús ömmu og afa. Nú er þar ekkert sem minnir á sveit annað en tvær ryðgaðar heyyvinnuvélar fyrir aftan Listhúsið sem ég rakst á fyrir tilviljun þegar ég fór á gamlar fjölskylduslóðir nýlega. Þessar gömlu vélar tilheyrðu örugglega bæjunum sem stóðu þarna áður fyrr og minna á að þar var stundaður búskapur fyrir ekki svo löngu.



Við systur, Elín og Þóra Hirst, í „heyskap“ á Undralandi um 1970. Suðurlandsbrautin lá beint fyrir ofan garðinn hjá ömmu og afa.



# KOMDU Í FMOS

# FMOS

**Val þeirra sem hugsa sjálfstætt  
um eigin framtíð**

Hugur



Heilsa



Hamingja



Fjölbreytni  
& framtíð



## VIÐ ERUM AÐ INNRIITA

Framhaldsskólabraut  
Félags- og hugvísindabraut  
Náttúruvísindabraut  
Sérnámsbraut  
Opin stúdentsbraut;  
- almennt kjörsvið - hestakjörsvið  
- íþrótt- og lýðheilsukjörsvið



NÁNARI UPPLÝSINGAR  
& INNRIÐUN

Framhaldsskólinn  
í Mosfellsbæ

# Grafarvogsglaðið

12. tbl. 26. árg. 2015 - desember

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi

## 70%-90%

**Íbúa í Grafarvogi lesa Grafarvogsglaðið**

**Þarft þú að koma skilaboðum á leiðis?**

**Auglýsingin þín skilar árangri í G V**

**698-2844 / 6991322 / [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)**

# Vel skipulögð og björt endaíbúð við Laufengi

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynir Laufengi 134 sem er björt og vel skipulögð fjögurra herbergja endaíbúð á þriðju og efstu hæð í húsinu Laufengi 102-134 Reykjavík. Eignin er samkvæmt þjóðskrá 106,6 fm, íbúðin 101,9 fm og geymsla 4,7 fm.

Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Í sameign er hjólageymsla og sér geymsla. Gengið er inn í íbúðina af opnum svalagangi.

## Nánari lýsing

Forstofa er rúmgöð með ljósum flísum á gólfi og góðum fataskáp.

Stofa/borðstofa eru björt og rúmgöð með harðparketi á gólfi, gengt er úr stofu út á austur svalir.

Eldhús er með nýlegri hvítri innréttingu með dökkum borðplötum og harðparketi á gólfi.

Hjónaherbergi er bjart og rúmgöð með innbyggðum skápum og harðparketi á gólfi.

Barnaherbergin eru björt og rúmgöð með skáp og harðparketi á gólfi.

Baðherbergi er með góðri innréttingu, upphengdu salerni og sturtu, gólf er flísalagt, opnanlegur gluggi er á baðherbergi.

Þvottahús er rúmgöð, gólf er flísalagt og tengi fyrir þvottavél og þurrkara, skápur og skolvaskur er í þvottahúsi og opnanlegur gluggi.

Sér geymsla er í sameign auk hjólageymslu.


Stutt er í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og þjónustu í Spönginni svo sem heilsugæslu, bókasafn, verslanir og veitingastaði.



Eldhús er með nýlegri hvítri innréttingu með dökkum borðplötum.



Baðherbergi er með góðri innréttingu, upphengdu salerni og sturtu.



Íbúðin er mjög björt og rúmgöð.



Stofa/borðstofa er björt og rúmgöð með harðparketi á gólfi.

## GV Ritstjórn og auglýsingar

Sími 698-2844 / 699-1322



Sigrún Stella Einarsdóttir Löggitur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinsson rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggitur fasteigna- og skipasali s. 786-1414



Ólafur Kristjánsson löggitur fasteigna- og skipasali s. 898-3459



Þyri Guðjónsdóttir. Hefur lokið námi til lögildingar sem fasteignasali, viðskiptafræðingur B.Sc. Sími: 891-9867



Ingunn Þorsteinsdóttir. Nemi í lögildingu fasteignasala s. 612-0906

# FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík  
Sími 575 8585. Opnið 10-17 mán.-föst

## EFTIRSPURN EFTIR GÓÐUM EIGNUM Í GRAFARVOGI



### VEGHÚS - 6 HERB. - BÍLSKÚR

171,3 fm 6 herb. endaíbúð á 3. og 4. hæð auk bílskúrs. Virkilega falleg íbúð með góðum gólfefnum og innréttingum. Mikið útsýni og suðvestur svalir.

Fimm svefnherbergi.

Sími 575 8585



### SMÍÐJUVELLIR - AKRANES

Alls 1724,1 fm. Þrjú fastanúmer í vönduðu stálgrindarhúsi. Í húsinu starfa í dag sjö fyrirtæki, eigandi eins eignarhluta rekur eigið fyrirtæki í sínum hluta en leigusamningar eru við önnur fyrirtæki í húsinu. Áhugaverður fjárfestingakostur, nánari upplýsingar gefur Árni í síma 898-3459



### LÓMASALIR - 2. HERB-STÆÐI Í LOKADRI BÍLAGEYMSLU

Mjög góð 73,4 fm 2ja herb. íbúð ásamt 9,7 fm geymslu og stæði í lokadri bílageymslu. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. Mjög góðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar.



### BREIÐAVÍK - STÓR 3.HERBERGJA

95,7 fm íbúð á jarðhæð með suður sólpalli og heitum potti. Sér inngangur af opnum svalagangi. Björt og vel útbúin íbúð með nýlegri eldhúsinnréttingu og nýlegum ljósum gólfefnum.




### HEIMSENDI - KÓPAVOGUR

277 fm. 20 hesta hús. 10 stýrur fyrir 20 hesta, hlaða, forstofa, kaffistofa, setustofa og snyrting með wc og sturtuklefa. Gott gerði er við húsið og steypt stétt með handriði er meðfram húsinu.

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



# Kirkjufréttir

Í vetur verður mikið um að vera í Grafarvogssöfnuði eins og ávallt!

## Messur í kirkjunni

Alla sunnudaga eru messur í kirkjunni kl. 11:00. Helgihald þar er fjölbreytt og messuformið klassískt. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

## Vörðumessur í Kirkjuselinu

Alla sunnudaga yfir vetrartímann eru Vörðumessur í Kirkjuselinu í Spöng kl. 13:00. Kertaljósastund og heilög máltíð. Við deilum sögum og hlöðum vörður. Ljúf tónlist. Vox Populi leiðir söng.

## Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er á neðri hæð kirkjunnar alla sunnudaga kl. 11:00.

Brúðuleikhús, tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hulda Berglind Tamara og Anna Bibi. Meðleikari er Stefán Birsson.

## Helgistundir á þriðjudögum í Kirkjuselinu

Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundirnar eru opnar öllum.

## Kyrrðarstundir

Kyrrðar- og fyrirbæstundir eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Tekið er við fyrirbæstundum á staðnum en einn er hægt að hafa samband við presta safnaðarins og óska eftir fyrirbæstum. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði.

## Aðventuhátíð barnanna í Grafarvogi - Fjölskylduguðsþjónusta

3. desember kl. 11:00 í Grafarvogskirkju  
Jólasálmur og fjör í kirkjunni á fyrsta sunnudegi í adventu. Jólaguðspjall, jólasaga og jólalög. Barnakór Grafarvogs, í Grafarvogskirkju syngur og börn úr Tónlistarskóla Grafarvogs leika á hljóðfæri.

## Aðventuhátíð í Grafarvogssafnaðar

3. desember kl. 18:00  
Allir kórar kirkjunnar syngja og fermingarbörn taka þátt.

## Jólin heima - 16. desember kl. 17:00 – Jólatónleikar Kórs Grafarvogskirkju

Flutt verða jólatengd lög í anda adventunnar í kirkjunni. Allir kórar kirkjunnar koma fram á tónleikumunum. Einsöngvarar eru Diddú og Ari Ólafsson. Stjórnendur eru Hákon Leifsson, Lára Bryndís Eggertsdóttir og Auður Guðjohnsen.

## Jólavox 9. desember kl. 17 – Jólatónleikar Vox Populi

Tónleikarnir Vox Populi ásamt hljómsveit verða haldnir í kirkjunni. Einsöngvari er Marina Ósk Þorólfssdóttir Frábær lagalisti, skemmtilegar útsetningar og húmor. Kórstjórnandi er Lára Bryndís Eggertsdóttir.

## Vilt þú verða vinur Grafarvogskirkju?

Vinavetur og vinakvöld í Grafarvogskirkju  
Í vetur verður lögð áhersla á vináttu í Grafarvogskirkju og 23. nóvember kl. 19:30 verður haldið vinakvöld. Í kirkjunni leggjum ríka áherslu á kærleikann en vináttan er ekki síður mikilvæg. Það er öllum manneskjum nauðsynlegt að eiga vini, fólk sem styður okkur, sem við getum speglað okkur í og treyst fyrir okkur sjálfum. Í vetur ætlum við að bjóða þér að gerast vinur kirkjunnar og eignast vini og samfélag í kirkjunni um leið. Nánari upplýsingar munu birtast á heimasíðu kirkjunnar, Facebooksíðunni og Instagram.

## Vinakvöld 23. nóvember kl. 19:30

Á vinakvöldinu verður boðið upp á ýmislegt gefandi og skemmtileg. Dásamleg tónlist, grín, happdrætti, veitingar, vini og margt fleira.

## Barna- og unglíngastarfið

Velkomin í barna- og unglíngastarf kirkjunnar! fjölbreytt starf í boði fyrir börn og unglínga á öllum aldri. 6-9 ára starf er á þriðjudögum kl. 17:00-18:00 í Grafarvogskirkju. 10-12 ára starf er á þriðjudögum kl. 18:15-19:15 í Grafarvogskirkju.

6-9 ára starf er á fimmtudögum kl 17:00-18:00 í Kirkjuselinu. 10-12 ára starf er á fimmtudögum kl. 18:15-19:15 í Kirkjuselinu.

Æskulýðsfélagsstarfið er á þriðjudögum kl. 20:00-21:30 í Grafarvogskirkju.  
[www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

## Félagsstarf fullorðinna

Opið hús er í kirkjunni alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem hafa lausa stund á daginn. Stundin hefst á fræðslu eða skemmtiefni og samsöng í kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil og spjall. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði. Farið er í haust- og vorferð auk annarra skemmtilegra viðburða.

## Djúpslökun

Djúpslökun er alla fimmtudaga kl. 17:00 í vetur. Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun með kristilegu ívafi. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í yoga og lengra komnum. Djúpslökunin er gjaldfrjál og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir yogakennari.

## Foreldramorgnar

Sameiginlegir foreldramorgnar og krílasálmur Grafarvogs-Guðríðar- og Árbæjarkirkju eru á þriðjudögum í Guðríðarkirkju kl. 10-12. Söngur, tónlistarupplifun, spjall og kaffi. Umsjón hafa: Ingunn Björk djákni í Árbæjarkirkju, María Rut prestur í Guðríðarkirkju ásamt öðru starfsfólki safnaðanna.

## Barna- og unglíngakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju

Það eru mikil gleðitíðindi að tilkynna að Grafarvogskirkja og Tónlistarskólinn í Grafarvogi munu nú fara í aukið samstarf um að efla söng og tónköpun hjá börnum og unglíngum. Aukið samstarf felur í sér samruna tveggja barnakóra sem saman bera titilinn Barna- og unglíngakór Grafarvogs. Kóræfingar verða aldurskipptar fyrir yngri (1.-3. bekkur) og eldri kór (4.-10. bekkur). Yngri kórmeðlimum býðst að bæta við sig hljóðfærasmíðu sem er liður í forskólanámi Tónlistarskólans í Grafarvogi. Eldri kórinn mun vinna að meira krefjandi söngverkefnum og hljóta leiðsögn í söngtækni og fjölradda söng. Kórstjóri er Auður Guðjohnsen. Hljóðfærasmíðu kennir Sævar Helgi Jóhannsson.

Æfingar eru á þriðjudögum í Grafarvogskirkju:  
**Yngri kór - Forskóli**  
16:30-17:00 Hljóðfærasmíða (flauta og ásláttarhljóðfæri)  
17:00-17:40 - Söngur/kór  
**Eldri kór - Sönghópur**  
17:20-18:20 - Söngur/kór

Skráning fer fram á [www.tongraf.is](http://www.tongraf.is) Veljið flipann „Sækja um“. Til að sækja um yngri kór, veljið Forskóli en fyllið inn í viðbót- arupplýsingar ef barnið á einungis að sækja kóræfingar án hljóðfærasmíðu. Til að sækja um eldri kór, veljið Sönghópur. Einnig er hægt að hafa samband við kirkjuna og fá frekari upplýsingar.

## Körgjald:

Yngri kór haust og vorönn kr. 60.000,-  
Eldri kór haust og vorönn kr. 60.000,-  
Yngri kór og hljóðfærasmíða haust og vorönn kr. 120.000,-  
Hægt er að nýta frístundastyrk og skipta í allt að sex greiðslur í Sportablar. Systkinaafsláttur er 10%. 25% afsláttur er af körgjaldi ef meðlimir sækja einnig hljóðfæránám við tónlistarskólann.

## Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi

Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30 og nánari upplýsingar veitir Hákon Leifsson [hakon@vortex.is](mailto:hakon@vortex.is)  
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30. Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir [lara@grafarvogskirkja.is](mailto:lara@grafarvogskirkja.is)  
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!


## Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju

Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00. Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu. Við bjóðum nýja og eldri þátttakendur hjartanlega velkomin og viljum sjá sem allra flest og einmitt þig! Sjá nánar á Facebooksíðu Prjónaklúbbsins í Grafarvogskirkju. Dagsetningar næstu vikna eru: 14. nóvember, 28. nóvember og 12. desember.





## Prestar og djákni safnaðarins:

Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur [guðrun@grafarvogskirkja.is](mailto:guðrun@grafarvogskirkja.is)  
Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur [arna@grafarvogskirkja.is](mailto:arna@grafarvogskirkja.is)  
Sigurður Grétar Helgason prestur [sigurdur@grafarvogskirkja.is](mailto:sigurdur@grafarvogskirkja.is)  
Kristín Kristjánsdóttir djákni [kristin@grafarvogskirkja.is](mailto:kristin@grafarvogskirkja.is)



Sími: 587 9070  
Netfang: [grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is](mailto:grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is)  
Heimasíða: [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)  
Likesíða á facebook: [grafarvogskirkja Grafarvogi](https://www.facebook.com/grafarvogskirkja)  
Instagram: [grafarvogskirkja\\_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)  
Vekomin í kirkjuna þína!





Bókaðu tíma á netinu

# Stærsta verkstæði landsins er í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.  
Eitt fullkornasta hjólbarðaverkstæði landsins.



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE



Harðskeljadekk



Harðskeljadekk



Harðskeljadekk



## Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjúrvalið á nesdekk.is

